

KVENNALISTINN PIPRAR

Alþ. bl. 8. II. '88

Landsfundur Kvennalistans var haldinn um helgina á Lýsuhóli á Snaefellsnesi. Samkvæmt fréttum hefur þetta verið nokkuð fjörugur fundur, leikfimi iðkuð með hoppi milli ræða, og mikil stemmning eins og sagt er. Á Lýsuhóli voru fluttar misgóðar ræður eins og gengur og gerist á landsfundum stjórnmálflokka. Sú athyglisverðasta var flutt af Kristinu Ástgeirsdóttur sem hefur uppgötvað það sem þjóðin hefur vitað fyrir löngu, að Kvennalistinn er ekki sérlega trúverðugur pólitískur söfnuður, að konurnar hafi verið illa búnar undir viðræður um þátttöku í ríkisstjórn og þær þyki ekki ýkja ábyrgar í stjórnálum. Í ræðu sinni gerði Kristín Ástgeirsdóttir það að umtals einfni, að stór hluti af störfum Kvennalistans fælist í að kynna starfsemina erlendis, og því væri lítill tími aflögu til að skipuleggja starfið heima fyrir. Stöðugar boðsferðir til útlanda tækju tíma og þrek kennanna og þar hafi vegið þyngst kennaráðstefnan mikla í Oslo í ár. Niðurstaðan er sú að dómi Kristínar, að Kvennalistinn er illa undirbúinn og illa skipulagður til að taka þátt í alvöru pólitík á Íslandi. Kristín benti enn fremur á, að Kvennalistinn velti sér upp úr sjálfumgleði vegna glæsilegra talna í skoðanakönnunum og að ímyndinni væri eitthvað farið að hraka vegna þess að Kvennalistinn segði alltaf nei, og vildi ekki axla ábyrgð. Það verður að teljast til tíðinda, að Kvennalista-konur séu farnar að uppgötva að það er ekki hægt að uppskera endalausar vinsældir með því að segja nei og aftur nei við kröfum kjósenda að flokkur axli ábyrgð. Það eru ákveðin tímamörk sem bolinmæði kjósenda eru sett fyrir slíku skírlífi. Að dáun á dyggð jómfrúa endist til dæmis ekki til eilífðar. Jómfrú sem heldur áfram að vera jómfrú fram eftir aldri, verður ekki eftirsóknarverð jómfrú; hún verður piparkerling. Og það er náttúrulega það sem Kvennalistinn er að verða; sjálfumglöð piparkerling. Og sjálfumglaðar piparkerlingar eru ekki ýkja eftirsóknarverðar.

Vinsældir Kvennalistans hafa farið vaxandi frá síðustu kosningum samkvæmt skoðanakönnunum en sú mikla uppsveifla er nú aftur að hjaðna. Skýringin er einföld; almennингur í landinu hefur fyrir löngu uppgötvað sannindin sem Kristín Ástgeirsdóttir flutti kynsystrum sínum á Lýsuhóli um helgina. Flokkur sem neitar í tvígang að taka þátt í stjórnarsamstarfi er ekki trúverðugur. Flokkur sem byggir á kynjafordómum og útilokar annað kynið frá þátttöku er hvorki lýðræðislegur né trúverðugur. Flokkur sem litur á stjórnál sem félagslega afpreyingu og útrás fyrir óánægju er og verður pólitískur saumaklúbbur. Flokksfundur sem stekkur hæð sína af fögnum þegar ein saumakonan ber fram tillögu um þegn skylduvinnu karlmannana, er og verður grínsamkoma. Allt er þetta skemmtilegt og sniðugt, og mikið gaman hjá stelpunum. En þessi uppákoma á ekkert skylt við ábyrg stjórnál. Og almenningur er farinn að breytast á gríni.

Kvennalistinn piprar.